



LEIKUR
VIRÐING
GLEÐI

**Skólanámskrá
Uglukletts**

© **Skólanámskrá leikskólans Uglukletts, 2014.**

Að gerð skólanámskránnar komu starfsfólk, foreldrar og börn í leikskólanum Uglukletti.

Ábyrgðarmaður: Kristin Gísladóttir, leikskólastjóri.

Yfirlestur og góð ráð: Dr. Rósa Gunnarsdóttir og Dr. Karen Rut Gísladóttir.

Hönnun og umbrot: Þórunn Edda Bjarnadóttir.

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	5
2. Hugmyndafræði og uppeldissýn í Uglukletti.....	5
3. Fræðilegur grundvöllur starfsins í Uglukletti.....	7
4. Réttindi barna.....	11
5. Menning og andinn í húsinu.....	13
6. Grunnþættir og námssvið.....	15
7. Starf elstu barna.....	24
8. Stoðþjónusta.....	27
9. Foreldrasamstarf.....	28
10. Mat á leikskólastarfinu.....	30
11. Námsmat.....	31
12. Hagnýtar upplýsingar.....	31





1. Inngangur

Leikskólinn Ugluklettur er staðsettur í Borgarbyggð sem er um 3500 manna sveitafélag. Í sveitafélaginu eru bændabýli og þéttbýliskjarnar í bland. Leikskólinn er staðsettur í útjaðri Borgarnes þar sem villtur gróður og náttúran er við garðhliðið. Leikskólinn tók til starfa haustið 2007 og var vígður með viðhöfn 20. október 2007. Í leikskólanum er rými fyrir 65 börn á þremur deildum á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Nöfnin á rýmum leikskólans eru sótt í örnefni héraðsins, til að mynda heita deildirnar eftir fjöllum Skessuhorni, Baulu og Grábrók. Önnur rými skólans hafa einnig hlotið nöfn sem tengjast náttúrunni í kringum okkur þar á meðal Paradísarlaut, Borg, Litla Brók og Eldborg. Markmiði með þessu nafngiftum var að tengja örnefnið inn í leikskólann og gera börnin meðvituð um náttúruna í kringum okkur.

2. Hugmyndafræði og uppeldissýn í

Uglukletti

Gildi Uglukletts eru:

LEIKUR sem meðal annars miðar að því að:

- Læra á lífið í gegnum leikinn og auka félagsfærni, þroska og þekkingu.
- Auka sjálfræði, sköpun, frumkvæði og þor.
- Ýta undir fróðleiksfýsni og tilraunir með mismunandi efnivið.

VIRÐING sem felst meðal annars í því að:

- Bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu sínu.
- Öryggi, kurteisi, umhyggjusemi og umburðalyndi er í hávegum haft.
- Tileinka sér heilbriggt lífni.

GLEÐI sem birtist meðal annars í:

- Lífsglöðum og forvitnum einstaklingum með sterka sjálfsmynd.
- Að sjá það jákvæða og hafa færni til að nýta sér það í mismunandi aðstæðum í lífinu.
- Þekkja sjálfan sig og áhugasvið sitt.



Fagleg sýn

Leikskólastarf og leikskólanám byggir oftast á sérstökum uppeldisaðferðum og hugmyndafræðin er sótt í kenningar og rannsóknir hinna ýmsu fræðimanna um það hvernig börn læra og þroskast. Í Uglukletti byggir leikskólastarfið á hugmyndafræði *Jákvæðrar sálfræði* þar sem meðal annars horft er til hugmynda Mihaly Csikszentmihalyi um flæði, kenningar um sjálfræði barna og hugmyndafræði „The Leader in Me“.

Eitt bros getur dimmu í
dagsljós breytt
sem dropi breytir veig
heillar skálar.

Þel getur snúist við
atorð eitt
aðgát skal höfð i
nærveru sálar.

Svo oft leynist strengur í
brjósti sem brast við biturt
andsvar gefið án sakar.

Hve iðrar margt líf eitt
augnakast

sem aldrei verður
tekið til baka.

Einar Benediktsson

Stefna

Stefna Leikskólans Uglukletts er að undirbúa börnin undir framtíð, sem enginn veit hvað ber í skauti sér. Af þeim sökum leggjum við megin áherslu á að efla félagslega hæfni, frumkvæði og sjálfræði barna því við teljum það gott veganesti út í lífið. Það að geta valið hvað er best fyrir mann sjálfan og þannig haft stjórn á eigin lífi er undirstaða sjálfræðis og þess að vera virkur í lýðræðislegu samfélagi. Við vinnum með hæfileika, þroska og áhuga einstaklingsins og finnum leiðir til að hver einstaklingur geti nýtt þá sem best til að þroskast og dafna. Við leggjum áherslu á gott samstarf við nærsamfélagið og nýta þann mannauð sem er í kringum okkur. Stefna Uglukletts er að vera framsækinn skóli og til fyrirmyndar um kennsluhætti, rekstur, velferð, góða stjórnunarhætti og þjónustu við börn, foreldra og starfsmenn.

Markmið Leikskólans Uglukletts eru að:

- Styðja við sjálfræði forvitni, sköpun, og frumkvæði barnanna.
- Styðja við hvern einstakling þannig að hann finni leiðtöggann í sjálfum sér.
- Þjórða börnum upp á nám og umhverfi sem hentar hverjum og einum.
- Styðja við námsgleði og góðan vinnuanda með virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum að leiðarljósi.
- Veita starfsfólki svigrúm til sjálfstæðis og frumkvæðis í starfi.
- Fylgjast vel með því sem hæst ber á sviði uppeldis- og kennslumála.
- Starfshættir mótist af umburðarlyndi og jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi og ábyrgð.

Til þess að ná markmiðunum höfum við Aðalnámskrá leikskóla til hliðsjónar, kenningar um jákvæða sálfræði, flæði, jákvæðan aga og hugmyndir um sjálfræði barna auk annarra leiða sem hjálpa okkur að ná settu marki. Til þess að sjá hvort settum markmiðum er náð höfum við ýmis mælitæki sem fjallað er um í kaflanum Mat á leikskólastarfi.

3. Fræðilegur grundvöllur starfsins í

Uglukletti

Jákvæð sálfræði

Upphaf hugmynda um jákvæða sálfræði má rekja til tveggja manna, sálfræðinganna Mihaly Csikszentmihalyi og Martin Seligman. Þeim fannst of mikil áhersla hafa verið á óhamingju manna og lækningu á þeim kvillum sem hún olli. Þeir vildu horfa á þetta öðrum augum og gefa hamingjuni meira gildi og hvernig við gætum sjálf gert líf okkar innihaldsríkara og betra (Kristján Kristjánsson, 2011: 2). Þessi fræði eru ekki ný því fyrir 2300 árum fjallaði Aristoteles um að ofar öllu væri hamingja, það sem karlar og konur leita í lífinu. Hann komst að því að hamingja er ekki eitthvað sem gerist heldur er hún áunnið ástand af manneskjinni sjálfri (Csikszentmihalyi, 2008;1). Hann leiddi rök að því að hamingja ætti að vera ein af grunnstoðum skólastarfs (Kristján Kristjánsson, 2011: 3). Þeir sem ná tökum á því að stjórna innri upplifun sinni ná að bæta líf sitt og færast nær því sem við köllum hamingju.

Við finnum hamingju og gleði í mörgu sem við mætum á lífsleiðinni, t.d. með því að ná settum markmiðum. Við stefnum að því að verða besta útkoman af okkur sjálfum. Jákvæð sálfræði gengur út á það að styrkja sjálfsmynd sína og hafa þannig betra mótlætisþol eða sálræna seiglu þannig að auðveldara er að takast á við erfiðleika. Þetta má t.d. þjálfá með því að tileinka sér núvitund, aðferðir byggðar á hugrænni atferlismeðferð og gera lífleikni hátt undir höfði (Kristján Kristjánsson, 2011: 4). Mikilvægt er að hafa í huga að njóta þess sem maður er að gera jafnt og útkomunnar, þ.e.a.s. maður njóti ferðarinnar jafnt og áfangastaðarins.

Jákvæð sálfræði snýr að því að skoða hvað gefur okkur tilgang, ánægju og merkingu í lífinu. Það að finna tilgang með þeim verkefnum sem maður tekur sér fyrir hendur og finna að maður hefur eitthvað um verkefni að segja er mikilvægt og gerir okkur ánægðari. Sé maður meðvitaður um styrkleika sína og áhugasvið er auðveldara að finna verkefni við hæfi eða aðlaga þau þannig að besta útkoman náist (Gunnar Hrafn Birgisson, 2010). Það að geta unnið með öðrum, aðstoðað þá, borið umhyggju fyrir þeim og gert þeim gott, skapar hamingju og ánægju. Hamingjan er í grunnin það að geta borið virðingu fyrir öðrum, látið gott af sér leiða, þakkað fyrir það góða í lífinu, unnið með veikleika í gegnum styrkleika og haft ánægju af öðru fólki (Seligman, 2009:296).



Flæði

Ein af greinum þeirra fræða sem nefnist jákvæð sálfræði er hugmyndin um flæði. Gleði, sköpun og ferli með hámarks tengslum við lífið kallar Mihaly Csikszentmihalyi flæði (Csikszentmihalyi, 2008;11). Einn liður í því að ná stjórn á upplifuninni er að ná tökum á meðvitundinni. Mat okkar á lífinu er mótað af mörgum öflum sem búa til upplifun, sem ýmist er góð eða slæm. Mörgum þessara afla getum við ekki stjórnað með góðu móti en önnur getum við haft áhrif á (Csikszentmihalyi, 2008;2). Besta upplifun sem við fáum er oftast en ekki þegar líkaminn eða hugurinn tekst á við verkefni sem er á mörkum þess sem hann ræður við (Csikszentmihalyi, 2008;3). Flæði er það þegar fólk er svo einbeitt við verkefni að ekkert annað skiptir máli á þeirri stundu. Reynslan sjálf er svo ánægjuleg og gefandi að fólk leggur ýmislegt á sig og fórnar öðru bara til að geta haldið verkefninu áfram og öðlast slíka reynslu aftur (Csikszentmihalyi, 2008;4). Það að hafa stjórn á meðvitund sinni er ekki einfalt verkefni en nauðsynlegt til að geta haft áhrif á hamingjuna (Csikszentmihalyi, 2008;21).

Eitt eða fleiri af þessum 8 atriðum þurfa að vera til staðar svo einstaklingur finni ánægju af verkefninu og komist í flæðiástand:

- Verkefnið þarf að vera hæfilega erfitt þannig að einstaklingurinn finnur að hann hefur hæfileika og getu til að ljúka við það.
- Einbeiting þarf að vera til staðar.
- Markmið eru skýr.
- Endurgjöf fæst strax.
 - Einstaklingurinn finnur að hann er við stjórnvölinn, stjórnar aðstæðum og allt annað viku.
 - Ánægjuleg reynsla æfir einstaklinginn í að finna að hann getur haft áhrif á verkefni og það sem hann tekur sér fyrir hendur.
 - Áhyggjur af sjálfinu hverfa en þegar verkefninu lýkur eykst sjálfstraust.
 - Tíminn verður afstæður, einstaklingur gleymir stund og stað. (Csikszentmihalyi, 2008).



Eins og áður hefur komið fram er mikilvægt að hver og einn einstaklingur þekki sjálfan sig vel og sínar þarfir. Þess vegna teljum við mikilvægt að börnin læri að velja hvað það er sem hentar þeim best, hverjar þarfir þeirra, langanir og áhugi er hverju sinni. Með því kynnast þau hvernig hægt er að hafa áhrif á aðstæður sínar og líf á jákvæðan hátt. Þau geta breytt aðstæðum þannig að upplifunin sé jákvæðari. Þá er einstaklingurinn oftast glaður og gleðin veitir honum orku.

Sjálfræði

Í Uglukletti er mikið lagt upp úr sjálfræði barnanna. Hugtakið er upphaflega komið frá Piaget en Sesselja Hauksdóttir rannsakaði í meistaraaritgerð sinni þetta hugtak og hvernig leikskólakennarar stuðla að sjálfræði barnanna.

Skilgreiningin á sjálfræði er að stjórnast af sjálfum sér í mótsögn við ósjálfræði, að stjórnast af öðrum. Sjálfræði er ekki það sama og algert frelsi til að gera það sem manni sýnist heldur tekur sjálfráða einstaklingur tillit til þeirra sjónamiða sem fyrir liggja og skipta máli (Sesselja Hauksdóttir, 2001;18).

Hvernig stuðla leikskólakennarar að sjálfræði barnanna:

- Sýna börnunum hlýju, virðingu og viðurkenningu. Sterk tengsl. Mikil samskipti.
 - Sjá barnið sem heild.
 - Takmarka stýringu og vald og gefa börnunum tækifæri til að stýra, bera ábyrgð.
 - Stuðla að frumkvæði og innri áhugahvöt. Nota ekki umbun og hrós heldur sýna áhuga og styrkingu.
 - Leyfa börnunum að prófa sig áfram og gera mistök.
 - Hvetja til samvinnu og samskipta milli barna.
 - Hjálpa börnunum að sjá mismunandi sjónarmið.
 - Styrkja börn í því að takast á við ágreining.
 - Stuðla að því að börnin byggja upp sterka og jákvæða sjálfsmynd.
 - Hvetja börn til sjálfstæðis og sjálfshjálpar.
 - Leikskólakennararnir skipuleggja dagskrá og umhverfi þannig að það stuðli að sjálfræði.
 - Stuðla að leik barna.
 - Sjá til þess að börnin hafi val.
 - Sjá fyrir skapandi starfi, listsköpun.
 - Koma búnaði og leikefni þannig fyrir að börnin geti verið sjálfbjarga.
 - Nýta daglegt líf t.d. matartíma.
 - Laga starfið að áhuga og áhugaleysi barnanna, nota fljótandi námskrá, uppeldisfræði dauðu músarinnar og fl.
- (Sesselja Hauksdóttir, 2011).

Einnig er mikilvægt að leikskólakennarinn finni fyrir sjálfræði í starfi sínum sem felst í réttindum og ábyrgðinni á því að taka faglegar ákvarðanir. Hann þarf einnig að byggja á vísindalegri þekkingu á því hvernig börn læra og geta skoðað gagnrýnið eigin kennslu og tilbúna námskrár og verkefni (Sesselja Hauksdóttir, 2011).

Heilsueflandi leikskóli

Ugluklettur tekur þátt í verkefni á vegum Landlæknisembættisins sem kallast Heilsueflandi leikskóli og er einn af 6 tilraunaleikskólum á landinu. Markmiðið með þessu verkefni er að stuðla að bættri heilsu og líðan barna og starfsfólks. Með því að huga enn betur að

Börn í leik snemma
morguns

J: “Ég ræð hérna inni,
ég kom fyrstur”

Ó: “það skiptir ekki máli
hver kom fyrstur,
það ræður ekki einn!!”

D: “Það ræður enginn
einn herbergi”

S: “leikskólinn ræður sér
sjálfur”

D: “En Borgarbyggð
ræður leikskólanum”

Ó: “við ráðum þá bara
öll saman”



Þáttum eins og næringu, hreyfingu, og geðrækt getum við bætt líðan allra í leikskólanum og þannig gert námsumhverfi barnanna enn betra. Í þessu verkefni eru allir virkjaðir til þátttöku, börn, starfsfólk, foreldrar og nærumhverfið. Við bjóðum upp á hollan og góðan heimilismat auk þess sem við leggjum áherslu á neyslu ferskra ávaxta og grænmetis. Við sneiðum hjá unnum vörum eins og helst er kostur og mest af brauðmetinu er bakað hér í Uglukletti. Við fléttum þáttum sem stuðla að bættri heilsu og vellíðan inn í daglegt starf og vinnum þannig markvisst að heilsueflandi leikskólastarfi.

The Leader in Me

The Leader in Me er hugmyndafræði fyrir skóla sem byggir á bók Steven R. Covey „The 7 Habits of Highly Effective People“ og gengur út á að byggja upp sterka einstaklinga með góða leiðtogafærni til að takast á við áskoranir í lífi og starfi. Tilgangurinn er að undirbúa næstu kynslóð undir að takast á við áskoranir og tækifæri 21. aldarinnar. TLiM snýst ekki um að búa til litla leiðtoga úr öllum börnum, heldur að hjálpa hverjum einstaklingi til að blómstra. Hver einstaklingur fær þannig tækifæri til að vinna út frá sínum eigin styrkleikum og verða sá besti sem hann getur orðið. Í grunninn byggir TLiM upp skilning og færni til að geta borið ábyrgð á eigin ákvörðunum og þannig mótað líf sitt til hins betra ásamt því að þroska samskiptahæfni nemenda og starfsfólks. Sjá nánar hér: <http://www.theleaderinme.org/what-is-the-leader-in-me/>.

Jákvæður agi

Í Uglukletti nýtum við okkur hegðunarstjórnunarkerfi sem nefnist jákvæður agi eða *Positive discipline*. Við horfum svo á að mistök séu tilraun sem læra má af hvernig á að gera betur. Það er orsök fyrir allri hegðun og viðbrögðum. Við leitumst við að kanna hvers vegna barnið brást svona við og hjálpum börnunum að leita upptaka tilfinninga og hegðunar. Þannig læra börnin að bera ábyrgð á eigin gerðum og tilfinningum auk þess sem þau gera sér betur grein fyrir hvernig þeirra hegðun hefur áhrif á aðra. Við gerum okkur grein fyrir að viðhorf barna eru oft og tíðum ekki þau sömu og þeirra fullorðnu. Þess vegna erum við meðvituð um að fá fram þeirra afstöðu, skoðanir og sýn á aðstæðurnar. Hér skiptir hlustun mestu máli, þ.e. að hlustað sé á börnin með tilliti til þeirra hugarheims og aðstæðna (Nelsen, 2007:6-7). Við hinir fullorðnu gegnum vegamiklu hlutverki sem fyrirmyndir í góðum og jákvæðum samskiptum sem einkennast af virðingu og heiðarleika. Við hrósum fyrir það sem er vel gert og aðstoðum börnin við að finna leiðir án þess að gefa

þeim lausnina. Við leitum að gleði og kímni í hverjum aðstæðum en gætum þó að því að ákveðin festa sé til staðar (Nelsen, 2007:6).

Opið dagsskipulag

Í Uglukletti er opið dagsskipulag en það þýðir að við erum ekki með niður neglda stundatöflu þó auðvitað séu fastir punktar í deginum hjá okkur. Börnin móta með þessum hætti sitt dagsskipulag sjálf, þau ráða sjálf hvaða viðfangsefni þau velja sér og hversu lengi þau eru á hverjum stað. Með því að styðjast við opið dagsskipulag gefum við einstaklingunum færi á að hafa áhrif á nám sitt, nýtum sjálfsákvörðunarrétt hvers og eins auk þess sem ýtt er undir frumkvæði og sjálfstæði barnanna. Opið dagsskipulag hentar einna best til að ná fram andlegu flæði hjá börnum því þá ná börnin betri einbeitingu í þann tíma sem þau þurfa og þau verða fyrir minni truflun (Suttle, 2012).

Samstarf deilda er mikið og þar geta börnin sótt sér það leikefni sem þeim hugnast best hverju sinni. Þar eru í boði alls kyns kubbar, fínhreyfiverkefni s.s. perlur, púsl, hlutverkaleikur og fleira. Börnin eru hvött til að finna sér verkefni eftir eigin áhuga og við metum frumkvæði þeirra mikils.



4. Réttindi barna

Barnasáttmáli Sameinuðu Þjóðanna

Í barnasáttmálanum segir að börn eigi rétt á sömu mannréttindum og fullorðnir þó þau hafi ekki stjórnmalaleg réttindi svo sem kosningarétt. Hann byggir á sama grunni og Mannréttindayfirlýsing Sameinuðuþjóðanna sem samþykkt var 1948. Sáttmálinn um réttindi barna var tekin í gildi 1989 en var fullgiltur á Íslandi 1992 og með því skuldbatt Ísland sig að virða og uppfylla ákvæði hans þó hann hafi ekki verið lögfestur fyrr en árið 2013. Samningurinn felur í sér þá viðkenningu að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi auk þess sem þar má finna grundvallarréttindi þar sem börnum upp að 18 ára aldri er tryggð vernd og umönnun. Hann tekur einnig til stöðu barna, þess að þau hafi ákveðið hlutverk í samfélaginu og þau fái tækifæri til að vera fullgildir þátttakendur (Barnasáttmáli Sameinuðu Þjóðanna, 1992).

Lög um leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr.90/2008 er leikskólinn fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir börn undir skólaskyldualdri.

Að ósk foreldra annast leikskólinn menntun, uppeldi og umönnun barna á leikskólaaldri. Stuðlað skal að því að nám fari fram í skapandi starfi og leik og starfshættir skulu mótast af kærleika og umburðarlyndi, lýðræðislegu samstarfi, sáttfýsi, ábyrgð, jafnrétti og virðingu fyrir mannigildi og kristinni arfleidd íslenskrar menningar.

Sveitarfélög bera ábyrgð á starfsemi leikskóla og hafa forystu um að tryggja börnum leikskóladvöl. Þau bera einnig ábyrgð á heildarskipan skólahalds s.s. sérfræðiþjónustu, mati og eftirliti, húsnæði og búnaði, þróun einstakra skóla og að setja almenna stefnu um leikskólahald í sveitarfélaginu og kynna fyrir íbúum þess.

Aðalnámskrá leikskóla

Ný aðalnámskrá fyrir leikskóla var gefin út árið 2011 og er hún rammi utan um það starf sem unnið er í leikskólanum. Grunnþættirnir og námssviðin endurspeglast í öllu því sem fram fer í leikskólanum og er rauði þráðurinn í okkar starfi (Aðalnámskrá leikskóla, 2011: 30,41).

Markmið leikskólans er að hlúa að hag og velferð barns auk þess að veita þeim umönnun og menntun, búa til hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Nám barna skal fara fram í gegnum leik og skapandi starf og starfshættir eiga að vera í anda jafnréttis, umburðalyndis, kærleika, lýðræði, umhyggju, virðingu og fleira (Aðalnámskrá leikskóla, 2011: 30).

Meginmarkmiðin eru að:

- Fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra.
- Veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku.
 - Hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo börnin fái notið bernsku sinnar.
 - Stuðla að vísýni barns og efla siðferðisvitund þeirra.
 - Leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun.
 - Rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta. (Aðalnámskrá leikskóla, 2011: 30).



5. Menning og andinn í húsinu

Andinn í húsinu

Í Uglukletti höfum við leik, virðingu, gleði og jákvæðni að leiðarljósi í samskiptum okkar hvert við annað auk þess sem við munum eftir því að hrósa. Við byggjum hvert annað upp og sýnum samstöðu með því að horfa á sterkar hliðar hvers einstaklings, hvort sem um börn, starfsfólk eða foreldra er að ræða, og ýtum undir skapandi hugsun. Við leitumst við að hafa afslappað og heimilislegt andrúmsloft en jafnframt séu krefjandi aðstæður til staðar þar sem flestir geta fundið áhugaverð verkefni við sitt hæfi.

Við ýtum undir frumkvæði og sjálfstæði auk þess sem við erum óhrædd við að stíga út fyrir rammann. Við vinnum með hæfileika og áhuga einstaklingsins og finnum leiðir til að nýta þá sem best í skólastarfinu. Okkur finnst mikilvægt að hver einstaklingur finni að hann hafi eitthvað að segja um aðstæður sínar og verkefni þannig að ákveðið frjálsræði og sveigjanleiki sé til staðar. Við leitumst við að kenna börnunum að bera virðingu fyrir sjálfum sér, líkama sínum og þörfum auk þess að bera virðingu fyrir öðrum og sjónarmiðum þeirra. Bæði börn og starfsfólk fá að finna til ábyrgðar á verkefnum og vinna saman á jafnréttisgrundvelli. Við gerum ekki ráð fyrir að aðrir lesi hugsanir okkar. Við segjum það sem okkur finnst og það sem við erum að hugsa. Við gerum auk þess ekki ráð fyrir að vita hvað aðrir eru að hugsa svo við spyrjum og öflum okkur upplýsinga frekar en að draga eigin ályktanir. Á þann hátt eigum við heiðarleg samskipti sem byggja á virðingu fyrir skoðunum annarra. Við í Uglukletti komum fram við aðra eins og við viljum láta koma fram við okkur því þannig líður öllum best.

Hlutverk starfsmanna

Í starfsmannahóp okkar eru áhugasamir, faglegir starfsmenn sem eru duglegir að grípa tækifæri sem upp koma í daglegu lífi til kennslu. Hlutverk starfsmanna í Uglukletti er meðal annars að veita öryggi, umhyggju og hlýju auk þess að búa börnunum gott og fjölbreytt námsumhverfi. Við vinnum með allar daglegar athafnir þeirra og kennum þeim í sem flestum aðstæðum. Við höfum sem fjölbreyttastar námsaðstæður og viðfangsefni til staðar. Börnin velja sér viðfangsefni sjálf en það er hlutverk starfsfólksins að hjálpa barninu við að ná því besta fram úr hverjum efniviði og styðja þannig við nám hvers barns á þess eigin forsendum. Þau fá tækifæri til að skoða efniviðinn, gera tilraunir, reka sig á, læra af aðstæðunum og finna sínar lausnir undir vökulum augum starfsmanna.





6. Grunnþættir og námssvið

Grunnþættir menntunar eru settir fram í Aðalnámskrár til að leggja áherslu annars vegar á samfélagsleg markmið og hins vegar markmið sem varða menntun sérhvers einstaklings. Grunnþættirnir eru sameiginleg leiðarljós í almennri menntun fyrir öll skólastig sem birtast í skólabrag, gildum, viðhorfum og öllu námi. Grunnþættirnir ásamt námssviðum leikskóla eiga að endurspeglast í öllu námi. Leikskólum ber að flétta áherslur þeirra inn í daglegt starf, leik og nám barna á þann hátt að það taki mið af barninu sjálfu, þroska þess og getu.

Grunnþættirnir eru sjálfbærni, heilbrigði og vellíðan, læsi, sköpun, jafnrétti og lýðræði og mannréttindi.

Námssviðin eru læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi og sköpun og menning.

Starfsfólk Uglukletts hefur komið sér saman um nokkrar hugmyndir að leiðum til að vinna að grunnþáttunum út frá námssviðunum og birtast þeir á eftirfarandi töflu.



	Sjálfbærni og vísindi	Heilbrigði og vellíðan	Sköpun og menning	Læsi og samskipti
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> • Rækta grænmeti • Endurvinnslu • Góð umgengni við náttúruna 	<ul style="list-style-type: none"> • Börnin fræðist um uppruna matvæla 	<ul style="list-style-type: none"> • Nýtum þann efnivið (rusl) í umhverfinu sem við finnum 	<ul style="list-style-type: none"> • Kynnast náttúrunni og lífríki hennar • Læra að lesa í umhverfið og litbrigði þess t.d eftir mismunandi árstíðum • Beri virðingu fyrir náttúrunni og hlutum í umhverfinu
Heilbrigði og vellíðan	<ul style="list-style-type: none"> • Virðing fyrir umhverfinu • Vettvangsferðir og náttúrufræði • Bera ábyrgð á eigin lífi, gjörðum og heilbrigði 	<ul style="list-style-type: none"> • Holt og næringarríkt mataræði • Áhersla á gönguferðir og hreyfingu úti og inni alla daga ársins • Gleði, jákvæðni og hamingja • Snyrtilegt umhverfi • Börnin læri hvað sé hollt og gott fyrir líkama og sál 	<ul style="list-style-type: none"> • Njóta sköpunar og fá að tjá tilfinningar í gegnum hana 	<ul style="list-style-type: none"> • Efla sjálfstæði einstaklingsins og frumkvæði • Góð samskipti við foreldra • Glöð börn • Gott samstarf leik- og grunnskóla
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> • Kynnast annarri menningu • Setja sig í aðstæður annarra t.d. fötun – blindra – hjólastól 	<ul style="list-style-type: none"> • Öllum finnst þeir velkomnir í leikskólann • Þau beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum 	<ul style="list-style-type: none"> • Minna á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir ólíkri menningu og öðrum skoðunum 	<ul style="list-style-type: none"> • Samheldni í starfsmannahóp og barnahóp • Vera meðvituð um jafna stöðu kynjanna • Að geta tjáð sig, sett sig í spor annarra og beri virðingu fyrir ólíkum sjónarhornum, menningu og skoðunum • Sýna umburðarlyndi, gleðjast yfir margbreytileika lífsins og skilja mikilvægi hans
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> • Læra af reynslunni • Kynnast lífríki og dýrum • Skilja samhengi hluta 	<ul style="list-style-type: none"> • Jákvæð samskipti • Hugsa í lausnum 	<ul style="list-style-type: none"> • Halda á lofti árstíðarbundnum verkum og viðburðum sem tíðkast til sjávar og sveita t.d réttir • Nýta þá daga og tækifæri sem gefast til að kynna börnunum menningu sína og annarra, s.s. Brákarhátíð, jól, fara í Safnahúsið og ýmsa alþjóðlega daga. • Syngja þjóðlög, fara með vísur og rímur 	<ul style="list-style-type: none"> • Efla áhuga barna á stöfum og ritmáli • Kynna börnum tölvulæsi • Setja orð á athafnir og tilfinningar • Sjálflæsi. Börnin fá að vera þau sjálf, velja og hafna út frá sínum þörfum en taka líka tillit til þarfa hópsins • Kenna börnunum að geta fært rök fyrir máli sínu og viðhafa gagnrýna hugsun • Lestur bóka

	Sjálfbærni og vísindi	Heilbrigði og vellíðan	Sköpun og menning	Læsi og samskipti
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> • Gera tilraunir og kynnst eiginleikum mismunandi efna • Vinna með numicon • Vinna með verðlausan efnivið 	<ul style="list-style-type: none"> • Tónlist og söngur • Tjáning, koma fram, leika leikrit 	<ul style="list-style-type: none"> • Hafa fjölbreyttan efnivið í boði sem ýtir undir sköpun og ímyndunarafli barnanna í öllu starfi • Skapa í gegnum söng, tónlist og leiklist 	<ul style="list-style-type: none"> • Tækifæri til að koma fram fyrir hóp og tjá sig. • Tjá sig með fjölbreyttum hætti í gegnum ýmiskonar efnivið
Lýðræði og menning	<ul style="list-style-type: none"> • Börnin geta haft áhrif til dæmis með kosningum • Börnin fá að prófa og gera sjálf 	<ul style="list-style-type: none"> • Borin virðing fyrir hverjum einstakling eins og hann er og fjölbreytileikinn er dýrmætur 	<ul style="list-style-type: none"> • Skoða önnur lönd • Vera meðvituð um að sköpun á sér stað á fleiri stöðum en í listakrók • Vera óhrædd við að prufa/ reyna hugmyndir sem vakna hvort sem það er hjá börnum eða fullorðnum • Börnin kynnist menningararfi okkar og annarra landa 	<ul style="list-style-type: none"> • Nota tækifæri sem upp koma til að ræða um hvað við erum ólík og kosti þess
Dæmi:	<p>Markmið: Kynna endurvinnslu fyrir börnunum.</p> <p>Leiðir: Kennum þeim að flokka í leikskólanum.</p> <p>Dæmi: Gerum flokkun sýnilega í leikskólanum og leyfum börnunum að vera virkir þátttakendur í að flokka og endurvinna hluti. Kynnum þeim það ferli sem endurvinnsla er og sýnum fram á áhrif þess á náttúruna</p>	<p>Markmið: Efla hreyfingu.</p> <p>Leiðir: Nýta klettana í fjörunni fyrir klifur.</p> <p>Dæmi: Fara af stað með hollt og gott nesti og leyfa börnunum að klifra í klettunum, ganga í þúfum og vaða í sjónum. Hver og einn metur fyrir sig hve hátt hann klifrar.</p>	<p>Markmið: Kenna gamlar þulur.</p> <p>Leiðir: Nota leik og söng á skemmtilegan hátt. Útskýra orðin í textanum og hafa hann myndrænan. Endurtekningar í sem flestum aðstæðum.</p> <p>Dæmi: Ætlunin er að kenna hóp barna þuluna „Fagur fiskur í sjó“. Byrjað er á því að fara með þuluna fyrir börnin, hreyfingar kynntar og textinn krufin. Í framhaldi væri hægt að leyfa börnunum að vera tvö og tvö saman, fara með þuluna og leika leikinn sem fylgir henni.</p>	<p>Markmið: Standa fyrir framan hóp og segja frá.</p> <p>Leiðir: Við nýtum samverustundir fyrir hádegismat til að bjóða börnunum að standa upp og segja frá uppáhalds dýrinu sínu.</p> <p>Dæmi: Jón stendur upp í samverustund, segir frá hvert dýrið sé og fleira sem barninu býr í brjósti.</p>

Leikurinn í leikskólanum



Leikurinn er þungamiðjan í öllu leikskólastarfi. Hann er sjálfsprottinn og á forsendum barnsins. Leikurinn er námsleið barnsins og býr til tækifæri þar sem barnið fær að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn. Í gegnum leikinn mynda börnin félagslega hópa, skapa sína menningu, gera tilraunir og reyna sig í hinum ýmsu hlutverkum. Í leik eflast vitrænir og skapandi þættir. Hann kallar á fjölbreytta notkun tungumálsins, hreyfingu, félagsleg samskipti og tilfinningatengsl. Leikur getur virkjað sköpunarkraft barna og löngun þeirra til að læra og afla sér þekkingar.

Í Uglukletti leggjum við meðal annars áherslu á eftirfarandi í leiknum:

- Við lærum í gegnum leik.
- Við gefum leiknum nægan og samfelldan tíma.
- Sjálfsprottinn leikur og áhugi fær mikið pláss.
- Útinám er í hávegum haft.
- Við rannsökum, finnum lausnir og sköpum.
- Við kennum útileiki/regluleiki í útiveru.
- Við nýtum okkur mismunandi efnivið t.d. eftir árstíðum.
- Starfsfólk er meðvitað um leik barnanna og fylgist með.
- Við nýtum þau tækifæri, sem upp koma í leik barnanna, til að kveikja áhuga og styðja við nám þeirra.
- Við styðjum við og eflum jákvæð samskipti í leik.

Lýðræði og jafnrétti í skólastarfi

Lýðræðislegt leikskólastarf byggist á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Börnin eiga að upplifa að þau séu hluti af hóp og samfélagi þar sem öll samskipti einkennast af réttlæti og virðingu. Litið er á börn sem virka borgara og þátttakendur þar sem hver og einn fær tækifæri til að leggja sitt af mörkum til að hafa áhrif á umhverfið sitt.

Í Uglukletti vinnum við með Lýðræði og jafnrétti í skólastarfi á eftirfarandi hátt:

- Kosningar um hin ýmsu málefni.
- Frelsi einstaklingsins/hver velur hvað hentar honum best.
- Meirihlutinn ræður en frelsi er til að segja nei og velja sér eitthvað annað að gera.
- Taka hverjum einstaklingi eins og hann er.
- Börnin taka þátt í að setja reglur innan skólans.
- Börnin geti haft áhrif á starfið í leikskólanum.

Námsumhverfi leikskólans

Umhverfi skólans er mikill áhrifaþáttur í námi barna og þarf hönnun þess, nýting og skipulag að taka mið af reynslu, áhuga og þroska ólíkra barna. Því þarf umhverfið að taka breytingum eftir ólíkum hópum sem þar dvelja. Allir eiga að fá tækifæri að hafa áhrif á skipulag námsumhverfisins bæði úti og inni. Efniviður á að vera opinn, krefjandi og höfða til mismunandi skynjunar og örvunar.



Í Uglukletti nýtum við umhverfið meðal annars á eftirfarandi hátt:

- Förum í vettvangsferðir.
- Fáum foreldra inn í starfið t.d kynnumst starfi þeirra eða áhugamálum.
- Förum á söfn.
- Lærum þær reglur sem gilda á ólíkum stöðum í samfélaginu.
- Tileinkum okkur góða umgengni bæði úti og inni.
- Bjartsýni og draumar fá sinn stað.
- Allir njóta þeirra þátta sem í boði eru burt séð frá kyni eða aldri.
- Útiveran felur í sér/býður upp á áskoranir.
- Daglegt líf

Að koma í leikskólann

Við leggjum okkur fram um að öllum finnst þeir velkomnir í leikskólann og séu mikilvægir fyrir hópinn. Við metum tíma barna og foreldra mikils svo foreldrum er velkomið að koma með börnin í leikskólann þegar þeim hentar en þó með þeirri undantekningu að milli 11.00-13.00 er erfitt að taka á móti börnunum vegna matartíma og hvíldar.

Stöðvavinna

Hluti af dagsskipulagi í Uglukletti er stöðvavinna. Við erum með stöðvavinnu frá klukkan 9:00 á morgnanna. Þá fara kennarar á fyrirfram ákveðnar stöðvar og bjóða börnunum upp á ögrandi og skemmtileg verkefni. Börnin geta auk þess haft áhrif á hvaða verkefni þau gera og hvernig þau eru framkvæmd. Þær stöðvar sem eru í boði eru t.d listakrökur, hreyfistund í sal, útinám, stærðfræði og vísindi. Stöðvarnar taka mið af grunnþáttum aðalnámskrár en ýmsir aðrir þættir geta líka haft áhrif svo sem áhugasvið barna og starfsmanna, árstíðir og þemavinna. Hver starfmaður hefur umsjón með sinni stöð í einn mánuð. Á þann hátt getur





starfsmaður dýpkað sig í sinni vinnu en jafnt fram tekist á við mismunandi verkefni. Ekki er fyrirfram ákveðinn fjöldi barna og tími á hverri stöð heldur ræðst það af börnunum sjálfum og verkefnum sem er verið að vinna að. Þau börn sem eiga erfitt með að finna sér viðfangsefni og vilja flakka á milli verkefna fá aðstoð starfsfólks við að staldra lengur við og finna sér verkefni við hæfi.

Ekki er lagt fast að því að öll börnin komi á allar stöðvarnar heldur velja þau sér verkefni eftir áhugasviði sínu. Við höfum þá sýn að ef einstaka barn vill ekki fara á tiltekna stöð þá þarf sá fullorðni að finna aðra leið til að ýta undir þá þroskaþætti sem vinna átti með í verkefninu. Með þessu móti vekjum við áhuga barnanna á jákvæðan hátt.

Tónlist og leiklist

Öll börn í Uglukletti fara í sérstaka tónlistartíma einu sinni í viku. Auk þess eru elstu börnin, Fálkarnir, í kór vikulega. Í tónlistartímum er börnunum skipt í hópa og eru yfirleitt um átta börn saman. Við höfum líka sérstakan söngseðil sem endurnýjast á tveggja vikna fresti. Söngurinn hljómar inn á öllum deildum og við æfum lögin sem á seðlinum eru hverju sinni. Við syngjum síðan saman í vikulegri söngstund á föstudagsmorgnum og höfum gleði og gaman.

Með börnum fer tónlistariðkun fram sem leikur en í gegnum hann tengist barnið öðrum á eðlilegan og afslappaðan hátt. Í gegnum leikinn þjálfum við helstu grunnþætti tónlistar eins og hreinan söng, hljóðfæraleik, virka hlustun og hreyfingu í dansformi. Síðast en ekki síst opnum við fyrir þeim heim tónlistar til að gleðjast og njóta. Í hverjum tíma eru þessir grunnþættir hafðir að leiðarljósi.

Unnið er eftir þroska barnanna til þess að örva sjálfstraust, þroska samhæfingu og samskiptahæfileika. Við hættum ekki að njóta tónlistar á ýmsa vegu af því við verðum gömul heldur verðum við gömul af því að við hættum að leika okkur með tónlistinni.

Listakrókur/textíll

Í listakróknum fer fram skapandi vinna. Þar er boðið upp á ákveðin verkefni sem börnin velja að koma og gera en þau geta líka gengið í pappír, liti og fleira og skapað eitthvað afeigin frumkvæði. Verkefni sem við vinnum í listakrók eru mismunandi. Mikið er unnið úr endurnýtanlegum efniviði, málað, klippt, límt og litað, allt eftir hugmyndaflugi barna og starfsfólks. Áhersla er lögð á ferlið og gleðina við sköpunina en ekki endilega á



útkomuna sjálfa. Skapandi vinna er gríðarlega mikilvæg fyrir þroska barnanna. Þau gera tilraunir með efnið, gleyma sér við að prófa eitthvað nýtt, finna áferð og eiginleika og bæta í reynslubankann. Einnig er þetta mikilvægur þáttur í æfingu fínhreyfinga.

Hreyfing

Við leggjum áherslu á hreyfingu bæði úti og inni. Við erum með hefðbundnar hreyfistundir í sal. Auk þess förum við í göngutúra og nýtum lóð leikskólans og nágrennis til hreyfingar. Börn hafa mikla þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Hreyfing er börnum edlislæg og stuðlar að líkamlegri og andlegri vellíðan, gleði, snerpu og þoli. Í skólanum er hreyfiþörf barnanna virt og örvuð og læra börnin að þekkja og skynja líkamann sinn. Okkur finnst mikilvægt að viðhalda fjölbreytni í hreyfistundum og muna eftir gleðinni.



Klettaklifur

Klifur er stundað í leikskólanum bæði úti og inni. Úti notum við klettana í kringum okkur og klifrum þar yfir sumartímann og fram á haustið. Klettaklifur eykur þrek og þor barnanna. Við kynnumst umhverfinu og lærum að umgangast og meta aðstæður og hættur. Þegar börnin klifra í klettunum er passað upp á öryggi þeirra. Þau eru með hjálm og í klifurbelti. Partur af upplifuninni er að kynnast búnaðinum sem notaður er og prufa hann.

Jóga

Í leikskólanum er börnunum boðið upp á jóga. Á veturna nýtum við salinn okkar fyrir þessar stundir. Á sumrin færum við okkur út í garð. Jóga felur í sér hreyfingar sem efla líkamlegt heilbrigði, eykur liðleika, styrk og jafnvægi ásamt því að íhugunaræfingar og öndunaræfingar stuðla að hugarró. Við vinnum með teygjuæfingar, slökun og einbeitingu. Með eldri börnum lesum við sögur sem eru ævintýrahugleiðslur. Börnin liggja á dýnum, hlusta og æfa sig í að slaka á og ná innri ró.



Stærðfræði og vísindi

Vísindavinna er mikilvægur þáttur í að bæta í reynsluheim barnanna, styðja við fróðleiksþorsta og forvitni þeirra. Þau kanna og ræða samhengi fyrirbæra í umhverfi sínu.

Til að auka skilning barnanna á stærðfræði eru unnin ýmis verkefni sem tengjast tölum, fjölda, formum, stærðfræðihugtökum og fleiru tengdu stærðfræði. Leikskólinn nýtir sér til dæmis



stærðfræðinámsefni sem heitir Numicon. Með þessu námsefni er lögð áhersla á að læra um tölur og fjölda á sjónrænan hátt.

Við gerum alls konar tilraunir og leikum okkur á þann hátt með mismunandi efni og könnum eðli þeirra.

Málrækt

Samskipti við aðra eru okkur mikilvæg. Það að geta skilið aðra, gert þeim skiljanlegt hvað það er sem manni býr í brjósti og leyst ágreining, er grunnur að þátttöku í hvaða samfélagi sem er. Við ýtum undir málþroska og hljóðkerfisvitund barnanna með almennri málörvun og þau börn sem þurfa á aðstoð að halda á þessum sviðum fá markvissa málörvun.

Öll málörvun fer fram í gegnum leik og daglegar athafnir. Við setjum orð á það sem við erum að gera, fáum börnin til að segja frá og nota þannig málið. Mikilvægt er að geta lesið í annars konar boðskipti en tungumálið, s.s. líkamstjáningu, raddblæ og látbragð. Við gerum ritmál sýnilegt, lesum mikið bækur, búum til sögur, spilum spil, lærum söngtexta og kynnum börnunum bókstafina eftir þeirra áhuga. Starfsfólk er meðvitað um stöðu sína sem fyrirmyndir á þessu sviði sem öðrum.

Hljóðkerfisvitund barna hefur áhrif á lestrar- og námsfærni þeirra. Því er mikilvægt að ýta undir þroska hennar og undirbúa þannig lestrarnám. Við viljum efla málskilning, málnotkun, hlustun, orðaforða og hugtakaskilning barnanna. Þannig geta þau tjáð vilja sinn, hugsanir, tilfinningar, skoðanir og fyrirætlanir. Eigi barn erfitt með að bera fram máhljóð á réttan hátt fá þau aðstoð við að æfa sig í framburði. Stundum þarf að grípa til annarra aðferða en talmálsins og notum við þá til dæmis Tákn með tali eða myndir.



Útikennsla

Börnin hafa val um að fara í gönguferðir með kennurum þar sem lögð er áhersla á að fræðast um náttúruna og umhverfið í kringum okkur. Fylgst er með breytingum sem verða á gróðri og dýralífi eftir árstíðum, ásamt því að nýta þann efnivið sem á vegi okkar verður. Þá notum við gönguferðirnar til að kynnst nærumhverfi skólans. Einnig notum við tilbúin verkefni í útikennslu sem auka skilning á náttúru, vísindum og umhverfi þar sem verkefnin eru leyst við aðrar aðstæður heldur en leikskólinn bíður uppá innandyra. Með útikennslu fá börnin aukna hreyfingu, meira þol og betri hreyfifærni ásamt því að auka einbeitingu og styrkja félagslega færni.



Matartímar

Við nýtum matartímana á margvíslegan hátt, t.d. til málörvunar, þorþjálfun o.fl. Við hvetjum þau til tilrauna við matarborðið og skorum á þau að bragða á nýjungum í matartímum þó aldrei gegn vilja neins. Við leggjum áherslu á að börnin læri sitt magamál og finni sjálf hvenær þau eru orðin södd eða hvort þau kjósa ábót. Vilji þau leyfa af matnum sínum er það þeirra val. Reglulega fá deildarnar að ráða hvað er í hádegismatinn. Það er liður í að kenna þeim lýðræði.

Samvera fyrir hádegismat

Fyrir hádegismatinn kemur barnahópurinn saman á sinni heimstöð, syngur, les, tekur ákvarðanir á lýðræðislegan hátt og veltir fyrir sér lífinu og tilverunni.

Samverustund eftir hádegismat

Í samverustund eftir hádegismat eru börnin í litlum hópum með kennara. Í þessum stundum er lögð áhersla á málörvun, unnið með hljóðkerfisvitundina, stærðfræði, tölur, sköpun og fleira í rólegum aðstæðum. Yngri börn leikskólans, sem enn leggja sig á daginn, sofa á þessum tíma.

Nærsamfélag

Í Uglukletti er lagt upp úr að kynna fyrir börnunum ýmsar stofnanir og starf í nærsamfélaginu, sem og náttúruna í umhverfi okkar. Markmiðið er að börnin kynnist og fái að taka þátt í því samfélagi sem þau lifa í. Öll börnin fá kynningu á nærsamfélaginu í einhverju mæli en þó er sérstaklega lögð áhersla á þennan þátt í starfi Fálkanna (elstu börnin).

Opinberar stofnanir

Farið er með börnin í heimsóknir í hinar ýmsu stofnanir. Má þar til dæmis nefna lögreglustöðina, slökkviliðsstöðina, björgunarsveitina, bókasafnið og ýmis söfn. Þar er tekið á móti okkur og börnin fá kynningu á starfsemi þessara stofnana og fá að skoða innviði þeirra. Þau fá að prófa ýmis tæki og tól og fá fræðslu er varðar þessar stofnanir.

Samstarf leikskóla

Gott samstarf er við alla leikskóla Borgarbyggðar en þó er samstarfið einna mest við leikskólann Klettaborg og þá sérstaklega á milli elstu hópanna. Samstarfið fer fram í formi sameiginlegra gönguferða, heimsókna og samvinnu í vorskóla og tómstundaskóla.



Náttúruperlur



Í kringum okkur eru ýmsar náttúruperlur. Í vinnu með börnunum er mikið lagt upp úr að börnin kynnist þeim, sem og nánasta umhverfi leikskólans með það í huga að efla umhverfisvitund og virðingu fyrir náttúrunni. Í nánasta umhverfi leikskólans eru fjöror, klettar og heilmikið svæði sem er gjarnan nýtt fyrir gönguferðir. Í Borgarnesi eru margir skemmtilegir staðir að heimsækja. Við förum til dæmis á Bjössaróló, í Skallagrímssgarð og Englendingavík. Lengra í burtu eru Einkunnir, Paradísarlaut og fleiri staðir sem við heimsækjum t.d. í Fálkaferðum. Á þessum stöðum förum við í gönguferðir, skoðum fugla, tré, skordýr og það sem hvert svæði hefur upp á að bjóða. Við fylgjumst með árstíðarbreytingum í náttúrunni og náttúran verður oft uppspretta listsköpunar þar sem hægt er að finna náttúrulegan efnivið til að skapa úr.

Góðir vinir okkar

Ugluklettur á fullt af góðum vinum um allt Borgarnes og nágrenni. Þessir góðu vinir okkar hafa oft og tíðum aðstoðað okkur með því að gefa okkur efni og lagt okkur lið á margvíslegan hátt s.s. Húsasmiðjan og KB. Við erum alltaf með myndlistasýningu í húsnaði Bónus þar sem við sýnum margvísleg listaverk barnanna og ræður hugmyndaflugið þemanu hverju sinni. Einnig ber að nefna aðila eins og slökkviliðið, lögregluna og björgunarsveitina sem hafa komið til okkar eða boðið okkur í heimsóknir til sín. Rita og Páll í Grenigerði gefa okkur á haustin kartöflur og grænmeti, sem þau rækta sjálf. Við höfum auk þess verið boðin í heimsóknir á vinnustaði foreldra, í kakóheimsóknir innan bæjar og í heimsóknir til barna sem búa t.d. upp í sveit. Okkur þykir mjög vænt um þetta samband okkar við nærsamfélagið og gerum okkar besta til að halda því á lofti.

7. Starf elstu barna

Í leikskólanum eru Fálkarnir hópur elstu barna sem takast á við verkefni sem reyna bæði á andlega og líkamlega færni þeirra. Hugað er að hverju barni fyrir sig og unnið með styrkleika hvers og eins í samræmi við námskrá og áherslur leikskólans. Auk þess er samstaða innan hópsins eflað enn frekar. Við vinnum að því að gera börnin sjálfstæð í daglegu lífi, efla tilfinninga- og félagsþroska þeirra auk þess að vinna að styrkum stöðum sem styðja við áframhaldandi nám þeirra. Auk þess leggjum við áherslu á að efla hljóðkerfisvitundina með fjölbreyttum aðferðum vegna þess að hún

er undirstaða undir frekari lestrarfærni.

Í Fálkahópnum leggjum við áherslu á hópefli, útikennslu og vettvangsferðir. Í vettvangsferðunum er nágrenni Grunnskólans í Borgarnesi í brennidepli svo þau séu örugg á því svæði þegar í grunnskólann er komið. Auk þess er farið á fleiri staði, eins og á söfn, í sveitina, upp í Einkunnir, vinnustaðir heimsóttir og fleira sem okkur dettur í hug hverju sinni. Við nýtum þann efnivið sem við finnum í náttúrunni til náms og markmið útikennslu eru höfð að leiðarljósi.

Í leikskólanum eru unnin verkefni í umhverfi Uglukletts. Þá er skólabyggingin nýtt til fjölbreyttra viðfangsefna til að auka færni barnanna og byggja upp þekkingu sem nýtist í byrjun skólagöngu. Einnig eru áherslur hins daglega lífs í leikskólanum nýttar til þess að undirbúa börnin betur undir áframhaldandi nám.

Útskriftaferðinni er þannig háttað að börnin sem útskrifast bjóða foreldrum sínum með í ferðalag. Gengið hefur verið upp á Grábrók og Paradísarlaut heimsótt. Í ferðinni eru unnin verkefni sem reyna á samvinnu allra í hópnum, bæði barna og foreldra. Þegar heim í leikskólann er komið eru nemendurnir útskrifaðir. Þeir fá möppu með verkefnum og myndum frá vetrinum auk þess að fá Fálkaorðu í tilefni útskriftarinnar.

Samstarf leik- og grunnskóla

Tilgangurinn með samstarfi milli skólastiga er að skapa samfellu í námi barna, koma til móts við þarfir þeirra og stuðla að markvissari uppbyggingu náms nemenda. Mikilvægt til að ná þessum markmiðum er að treysta á gagnkvæma þekkingu og skilning kennara á þessum tveimur skólastigum á starfi og starfsaðstæðum hvers annars. Markmiðið er að stuðla að vellíðan og öryggi barna og foreldra þegar börnin flytjast á milli skólastiga.

Til þess að ná þessum markmiðum er mikilvægt að samræmi sé milli þess sem börn vinna með eða gera í leikskólanum og þess sem unnið er að í grunnskólanum; að kröfur og væntingar í sambandi við vinnubrögð, nám og samskipti séu rædd og mótuð og séu öllum kunn. Ekki er stefnt að því að allt eigi að vera eins á skólastigunum heldur að mismunurinn sé innan þeirra marka að hann valdi ekki óöryggi og kvíða hjá börnum og foreldrum þeirra.



Í Aðalnámskrám grunn- og leikskóla segir:

Ef flutningur barna úr leikskóla í grunnskóla á að vera farsæll þarf að undirbúa hann vel fyrir og eftir lok leikskólanáms. Leikskólabörn eiga að fá tækifæri til að kynnst umhverfi og starfi grunnskóla meðan þau eru enn í leikskóla og viðhalda góðum tengslum við leikskólann eftir að grunnskólanám hefst.

Á öðrum stað stendur:

Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra, kennara og annars starfsfólks beggja skólastiga, þar sem barnið, velferð þess, þroski og menntun eru í brennidepli. Kennarar á báðum skólastigum eiga að kynna sér nám og starfsaðferðir hvers annars, leita leiða til að móta samstarf og skapa samfellu í námi barna í því augnamiði að auka sjálfstraust barna og styðja við nám þeirra.

Samstarfsáætlun Uglukletts og Grunnskólans í Borgarnesi byggir á þessum áherslum. Til að efla samfelluna má nýta enn frekar þá hugmyndafræði sem liggur að baki einstaklingsmiðuðum starfsháttum. Í samstarfsáætluninni er gert ráð fyrir nemenda- og kennaraheimsóknunum, stjórnendafundum og kynningarfundum. Áætlunin getur breyst á milli ára og er hægt að nálgast á heimasíðum skólanna.

Grunnskólaheimsóknir

Á hverjum vetri heimsækja börnin Grunnskóla Borgarness tvisvar sinnum í fámennum hópum og fara þá inn í 1. bekk og kynnst því hvernig er að vera í bekk.



Vorskóli

Að vori fara börnin í þriggja daga heimsókn í Grunnskóla Borgarness ásamt elstu börnunum í Leikskólanum Klettaborg. Þar eru þau eins og einn bekkur og fá að æfa sig í nýjum aðstæðum. Markmiðið er að gera börn og foreldra öruggari með færslu úr leikskóla í grunnskóla.

Tómstundaskóli

Í maí fara börnin í tómstundaskóla ásamt elstu börnum Klettaborgar. Tómstundaskólinn er starfræktur í samvinnu við Grunnskóla Borgarness í 8 daga. Þá eru fengin afnot af húsnæði sem annars er notað sem skólaskjól fyrir grunnskólann og þar gefst börnum beggja leikskóla færi á að kynnst nánar í leik og starfi. Tómstundaskólinn er starfræktur fyrir hádegi og fylgja leikskólakennarar leikskólanna beggja börnunum.

8. Stoðþjónusta

Stoðþjónusta í leikskólum byggir á lögum um leikskóla frá 1994, 6. kafla og reglugerða þar að lútandi. Börn sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, eiga rétt á henni í leikskólanum undir handleiðslu sérfræðinga. Börn með sérþarfir eru þau börn sem taka verður sérstakt tillit til í leikskólastarfinu á einhvern hátt s.s. vegna fötlunar, einhvers konar frávika í þroska, félagslegra og/eða tilfinningalegra erfiðleika eða frávika í málþroska eða framburði. Í þessum tilfellum getur bæði verið um að ræða börn sem eiga við langvarandi erfiðleika að etja og önnur sem með aðstoð geta unnið bug á sínum tímabundnum erfiðleikum.

Undir stoðkerfi leikskólans fellur:

- Sérkennsla/stuðningur.
- Skólasálfræðingur.
- Talmeinafræðingur.
- Heilsugæsla (4.5 ára skoðun/ þroskamát Brigance).
- Félagþjónustan.

Í Uglukletti starfar sérkennslustjóri en hlutverk hans er að hafa forgöngu um sérkennslumál skólans og vinnur hann með sérfræðingum á vegum Borgarbyggðar í góðum samskiptum við foreldra viðkomandi barns. Sérkennslu í Uglukletti er þannig háttað að unnið er eftir þörfum hvers og eins hverju sinni í venjulegu umhverfi barnanna, þ.e. unnið er eftir hugmyndum sem byggja á heiltækri skólustefnu og námi án aðgreiningar. Áhersla er lögð á að markviss íhlutun hefjist strax og grunur vaknar, ekki sé beðið staðfestingar sérfræðinga á t.d. þroskafráviki eða málþroska.

Sérkennsla fer að jafnaði fram í barnahópnum. Þegar þörf krefur og í einstaka verkefnum eru þau tekin út úr hópnum. Þá eru þau oftast í litlum hópum, 2-3 í senn, til að ná að skapa rólegra umhverfi, draga úr áreiti og stuðla þannig að betri einbeitingu og úthaldi barnanna. Við notum einstaklingsþjálfun í undantekningar tilvikum t.d. í framburðarþjálfun. Með þessum hætti sinnum við þörfum allra barna á þeirra forsendum, virðing er borin fyrir einstaklingnum og öll börn fá nám við hæfi.

Einstaklingsnámskrá

Sérkennslustjóri býr til og heldur utan um gerð og umsjón einstaklingsnámskráa en þær eru gerðar fyrir þau börn sem þurfa á sérkennslu að halda. Þurfi þau einungis framburðarþjálfun eru gerð lang- og skammtíma markmið fyrir þau en ekki eiginleg námskrá. Í einstaklingsnámskrá er haldin skrá



yfir athuganir, skimanir og prófanir sem lagðar eru fyrir, haldin er stutt skráning yfir stöðu barnsins í þeim þáttum sem þurfa sérstaka eftirfylgd auk þess sem sett eru fram bæði langtíma- og skammtímamarkmið sem stuðst er við í skipulagi sérkennslunnar og þau endurmetin reglulega.

9. Foreldrasamstarf



Leikskólinn er lögum samkvæmt fyrsta skólastigið í menntakerfinu og annast að ósk foreldra nám barna á leikskólaaldri. Foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi barna sinna og er leikskólanám viðbót við uppeldi foreldra en á engan hátt ætlað að koma í stað þess (*lög um leikskóla*, 90/2008). Foreldrasamstarf byggist á þessum grundvallaratriðum og því er mikilvægt að foreldrar þekki starfsfólk leikskólans og að samskiptin byggist á gagnkvæmri virðingu og trausti. Við leggjum mikla áherslu á góð samskipti og það að foreldrar séu óhræddir við að koma og ræða við okkur um hvaða málefni barnsins sem er. Foreldrar og starfsfólk vinna saman að því að gera það besta fyrir hvert barn hverju sinni og sýna traust, trúnað, sveigjanleika og sanngirni. Dagleg samskipti og upplýsingastreymi til foreldra eru mikilvægir þættir sem stuðla að traustu og jákvæðu sambandi milli heimilis og skóla. Í Uglukletti eru upplýsingatöflur í forstofu þar sem skrifaðar eru ýmsar upplýsingar til foreldra sem koma þarf á framfæri. Leikskólinn gefur út vikufréttir þar sem fram koma nánari upplýsingar um það sem er á döfinni hverju sinni.

Aðlögun í upphafi leikskólagöngu

Samstarf heimilis og leikskóla hefst áður en barnið byrjar í leikskólanum. Foreldrum er boðið til kynningarfundar í leikskólanum þar sem þeim eru sýnd húsakynni leikskólans, veittar upplýsingar um starfið og starfsfólkið auk þess sem aðlögunarferlið er kynnt.

Mikilvægt er að standa vel að málum þegar barn byrjar í leikskóla þar sem það er alveg ný reynsla fyrir barnið og allt er ókunnugt og framandi. Markmið aðlögunar eru að efla öryggiskennd og vellíðan barns og foreldra, koma á gagnkvæmum kynnum milli fjölskyldu barnsins og leikskólans og byggja upp traust milli allra aðila.

Þátttökuaðlögun

Í Uglukletti notum við þátttökuaðlögun til að gefa nýjum börnum og foreldrum þeirra tækifæri til að kynnast saman umhverfi leikskólans

og þeim aðstæðum sem fyrir hendi eru. Hún gengur þannig fyrir sig að foreldri er með barninu í þrjá daga í leikskólanum og sér alfarið um barnið. Þannig upplifir foreldrið allar aðstæður barnsins yfir daginn. Hugmyndafræðin að baki þessari tegund aðlögunar er að ekki sé verið að kenna barninu að vera skilið eftir heldur fái það tækifæri til að kynnst leikskólanum og starfsfólki í öruggum höndum foreldra sinna. Foreldrar fá auk þess tækifæri til að kynnst þeim aðstæðum sem barnið kemur til með að vera í, starfsfólki og húsnæði leikskólans. Við teljum þessa tegund aðlögunar góðan grunn að samstarfi við foreldra í gegnum leikskólagöngu barnsins.

Foreldrasamtöl

Tvisvar á ári, að hausti og að vori, bjóða deildarstjórar foreldrum í foreldrasamtöl. Þar fá þeir upplýsingar um stöðu og líðan barnsins í leikskólanum sem byggðar eru á athugunum á færni og þroska barnsins í leik og starfi. Foreldrum gefst þá einnig tækifæri til að spyrja spurninga og veita gagnkvæmar upplýsingar um barnið. ***Athugið að alltaf er hægt að óska eftir foreldrasamtali við deildarstjóra þegar þörf er á.***

Foreldrafundir

Foreldrafundur er haldinn einu sinni á ári, að hausti til. Þar fá foreldrar margvíslegar upplýsingar um leikskólastarfið, skólanámskrá leikskólans og aðrar áætlanir í skólastarfinu. Foreldrum gefst tækifæri til að skiptast á skoðunum um leikskólauppeldi og þátttöku þeirra í leikskólastarfinu.

Foreldrafélag

Við leikskólann Ugluklett er starfandi foreldrafélag en aðild að félaginu er val hvers foreldris. Á haustfundi leikskólans eru kosnir 5 fulltrúar í stjórn foreldrafélagsins ásamt varamönnum. Verkefni foreldrafélaga eru margvísleg og geta þau stutt vel við leikskólastarfið. Það er því hagur hvers leikskóla að hafa öflugt og virkt foreldrafélag. Meðlimir í foreldrafélaginu greiða ákveðna upphæð í sjóð sem notaður er í ferðir, vorhátíðir, leiksýningar o.fl.

Foreldraráð

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla nr.90/2008 skal kjósa foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Kosning skal fara fram í september á hverju ári og skulu sitja að lágmarki þrjár foreldrar í ráðinu, til eins árs í senn. Foreldraráð setur sér starfsreglur og ber leikskólastjóra að starfa með foreldraráðinu. Hlutverk foreldraráðs er að fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Það hefur einnig umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu.

“Börn eru eins og svampar. Þau sjúga í sig alla orku manns og geta gert út af við fólk, en ef maður þrýstir þeim fast að sér kemur það allt til baka”

Abraham Lincoln

10. Mat á leikskólastarfinu

Innra mat

Í *reglugerð um starfssemi leikskóla* nr.225/1995 segir að hverjum leikskóla beri að móta aðferðir til að meta uppeldisstarfið sem og stjórnunarhætti og samskipti bæði innan leikskólans og utan. Gera skal grein fyrir niðurstöðum og framkvæmd innra gæðamats í ársskýrslu um starfssemi leikskóla. Matið skal gert með hliðsjón af lögum og reglugerðum og Aðalnámskrá leikskóla.

Ýmsir þættir innan leikskólastarfsins eru metnir reglulega af starfsfólki, t.d. fyrirkomulag matmálstíma, samverustundir, útivistar o.fl. Starfsmannasamtöl að vori eru einnig liður í innra mati leikskólans þar sem leikskólastjóri safnar saman upplýsingum frá starfsfólki og kynnir niðurstöður á starfsmannafundi.

Börnin láta sínar skoðanir í ljós á margvíslegan hátt, t.d. þegar aðsókn á ákveðið svæði minnkar skoðum við hvað er að gerast á þeirri stöð og hvers vegna börnin sækja ekki þanngað. Á þann hátt hafa börnin áhrif á starfið. Við leggjum auk þess spurningarlista reglulega fyrir börn leikskólans og skoðum á þann hátt hug þeirra á ýmsum málum.



Foreldrakannanir eru lagðar fyrir annað hvert ár. Þar gefst foreldrum kostur á að meta starf leikskólans og koma á framfæri sínum skoðunum. Unnið er úr þessari könnun, skoðað hvað foreldrar eru ánægðir með og hvað mætti betur fara. Leikskólinn nýtir sér matskerfi Skólapúlsins varðandi foreldrakannanir. Við hvetjum auk þess foreldra til að vera í góðum samskiptum við okkur og hafa samband við okkur hvenær sem þörf þykir.

Starfsmenneruhvattirtil að segjaskoðanir sínar á starfinu hvenær sem kostur gefst. Starfsmenn fá starfsmannaviðtal við leikskólastjóra a.m.k. einu sinni á ári. Starfsánægjukannanir eru auk þess lagðar fyrir reglulega.

Auk alls þessa notum við gildin, markmið, skammtímaverkefni og langtímaverkefni, með ýmsu móti, til að stuðla að áframhaldandi þróun skólans í umbótum í skólastarfi.

Ársskýrsla

Leikskólastjóra ber samkvæmt lögum að gera rekstraraðila grein fyrir starfi síðastliðins skólaárs. Það er gert með skilum á ársskýrslu þar sem flestir þættir sem lúta að leikskólastarfinu síðast liðins árs koma fram.

Ytra mat

Utanaðkomandi aðilar eins og Menntamálaráðuneytið og rekstraraðili leikskólans geta skipulagt ytra mat. Samkvæmt *reglugerð um leikskóla* lætur Menntamálaráðuneytið fara fram skipulagt ytra mat á einum leikskóla á ári.

11. Námsmat

TRAS – skráning á málþroska barna

TRAS er skráningarkerfi þar sem haldið er utan um skráningu á málþroska barna frá tveggja ára aldri. Efnið var samið í Noregi af sérfræðingum á sviði sérkennslu og talmeinafræði. Listinn miðar að því að fylgjast með málþroska barna í daglegu leikskólastarfi og þannig sé hægt að skipuleggja málörvun fyrir þau börn sem á þurfa að halda (Björk Alfreðsdóttir o.fl., 2013:7). TRAS skráningin tekur til málskilnings, málvitundar, framburðar, orðaforða, setningamyndunar, félagsfærni, samskipta, einbeitingar og athygli (Björk Alfreðsdóttir o.fl., 2013:11). Deildastjóri heldur utan um skráninguna og fyllir inn í TRAS skráningarblaðið tvisvar sinnum á ári fyrir hvert barn.

Hljóm- 2

Hljóm-2 er próf sem lagt er fyrir Fálkahóp að hausti og endurtekið sex mánuðum síðar hjá þeim sem koma út með slaka færni. Prófið er í leikjaformi og kannar hljóðkerfisvitund nemenda. Með hljóðkerfisvitund er átt við að barnið geri sér grein fyrir að tungumál hefur ákveðið form og það skiptir ekki einungis máli hvað er sagt, heldur einnig hvernig það er sagt (Ingibjörg Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Amalía Björnsdóttir, 2002; 8-9). Farið er fram á skriflegt samþykki frá foreldrum áður en prófið er lagt fyrir en með því samþykkja foreldrar einnig að heimilt sé að gefa upplýsingar um niðurstöður prófanna til grunnskóla. Niðurstöður prófanna eru kynntar fyrir foreldrum og síðan er unnið með niðurstöður prófanna eftir því sem þurfa þykir.



12. Hagnýtar upplýsingar

Öryggismál

Í leikskólanum er fyllsta öryggis gætt. Ef barn verður fyrir óhappi og þarf að fara til lækis er hringt í foreldra eins fljótt og hægt er og þeir látnir koma í leikskólann eða á heilsugæsluna. Öll óhöpp/slys sem þarf að sinna eru skráð í sérstaka bók svo hægt sé að fylgjast með hvar, hvenær og hvernig slysið/in gerast. Öll leikskólabörn eru slysatryggð á skólatíma.

Hlustum
í stað þess að hæða.
Ræðum
í stað þess að rífast.
Skýrum
í stað þess að skammast.
Treystum
í stað þess að tortryggja.
Virðum
í stað þess að vanmeta.
Nærum
í stað þess að niðurlægja.
Sigrún Aðalbjarnardóttir

Brunaáætlun

Í leikskólanum er í gildi brunaáætlun sem er viðbragðsáætlun um aðgerðir ef upp koma þær aðstæður að rýma þurfi bygginguna. Brunnaáætlunin er endurskoðuð tvisvar á ári og eftir þörfum.

Áfallaáætlun

Í leikskólanum er starfandi áfallaráð sem starfar samkvæmt áfallaáætlun leikskólans. Hlutverk áfallaráðs er að fara með verkstjórn þegar válegir atburðir gerast sem snerta nemendur og kennara leikskólans. Á heimasíðu leikskólans má finna ýtarlegri upplýsingar.

Viðtalstími starfsfólks

Þó boðið sé upp á foreldrasamtöl tvisvar á ári er foreldrum velkomnið að óska eftir viðtali við starfsfólk leikskólans telji þeir þörf á.

Skóladagatal

Skóladagatal er gefið út fyrir hvert skólaár þar sem fram koma upplýsingar um frídaga, skipulags- og námskeiðsdaga starfsfólks og helstu viðburði í leikskólalastarfinu.

Atburðadagatal

Atburðadagatal er gefið út í hverjum mánuði þar sem fram koma helstu viðburðir þann mánuðinn og afmælis dagar barna og starfsfólks.

Vikuáætlun

Á föstudögum er send út vikuáætlun þar sem minnt er á helstu atburði komandi viku.

Heimasíðan og hvað má finna þar

Á heimasíðu leikskólans ugluklettur.borgarbyggd.is má finna ýmsar upplýsingar um leikskólann, starfsfólk, daglegt líf barnanna í leikskólanum og atburði í skólalastarfinu. Við setjum reglulega inn fréttir af því sem framundan er eða því sem við höfum verið að gera. Auk þess sem við setjum inn myndir á læsta myndasíðu, hægt er að nálgast lykilorð með því að senda okkur tölvupóst.

Foreldrahandbók

Á heimasíðunni okkar má finna foreldrahandbók þar sem finna má upplýsingar um leikskólalastarfið og aðrar hagnýtar upplýsingar fyrir foreldra og forráðamenn.

Heimilisfang

Leikskólinn Ugluklettur
Uglukletti 1
310 Borgarnesi

Símanúmer leikskólans

Skrifstofa leikskólastjóra: 433-7150

Sími í aðstöðu starfsfólks: 433-7151

Eldhús: 433-7152

Netfang leikskólans

Netfang Uglukletts: ugluklettur@borgarbyggd.is

Önnur netföng má finna á heimasíðunni okkar undir leikskólinn, starfsfólk.

Rekstraraðili

Borgarbyggð

Borgarbraut 14

310 Borgarnes

Okkar skýringar á ýmsum orðum:

Sjálfraði: að stjórnast af sjálfum sér. Hlusta á eigin skoðanir og tilfinningar en ekki láta stjórnast af hugmyndum eða skoðunum annarra.

Frumkvæði: Getan til að taka af skarið og ganga í þá átt sem skoðanir manns og hugmyndir leiða mann. Vera óhræddur við að prófa nýja hluti og gera tilraunir.

Sjálfstæði: Það að geta staðið á eigin fótum og hjálpað sér sjálfur með hina ýmsu athafnir. Geta haft áhrif á það sem gerist í lífinu og finna að maður hefur áhrif.

Leikur: Námsleið barna. Leikur felur í sér að hafa ofan af fyrir sjálfum sér einn eða í samskiptum við aðra. Í leik eru oftast en ekki reglur, ýmist óskráðar eða skráðar. Leikur skiptist í ýmsar tegundir eftir eðli hans og gerð, t.d. reglu-, ærsla-, hlutverka-, tölvu-, ein- og samleikur.

Virðing: Hvernig við lítum á og komum fram við okkur sjálf eða aðra.

Gleði: Sú tilfinning sem kemur upp þegar maður er í öruggum aðstæðum og líður vel. Leiðtogi: Manneskja sem sýnir ákveðið viðmót og framkvæmir hluti á þann hátt að hún sjálf getur verið stolt af og aðrir hrifast með. Leiðtogi býr yfir góðri félagslegri hæfni, getur átt í góðum samskiptum við aðra, haft hugrekki til að viðra skoðanir sínar en jafnframt borðið virðingu fyrir skoðunum annarra, þó þær samræmist ekki hans eigin, og fundið leiðir sem koma báðum aðilum vel.

Sérhver skóladagur
þarf að vera
hamingjudagur fyrir
hópinn og hvert
einstakt barn, hver
stund gleðistund, sem
þokar öllum eitthvað
áfram á göngunni
til góðs.
Ísak Jónsson

13. Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna. (1992). Barnasáttmálinn-um barnasáttmálann. Sótt þann 15. apríl 2014 af: <http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/umbarnasattmalann.html>

Björk Alfreðsdóttir, Hólmfríður Árnadóttir, Hrafnhildur Karlsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Margrét Tryggvadóttir. 2013. TRAS skráning á málþroska ungra barna. Leiðbeiningar. Reykjavík: Námsmatsstofnun

Csikszentmihalyi, M. (2008). Flow: The psychology of optimal experience. New York: HarperCollins publishers.

Gunnar Hrafn Birgisson (2010). Jákvæð sálfræði. Vefrit Sálfræðingafélags Íslands. Sótt af: <http://vefritsi.wordpress.com/2010/02/01/jakv%C3%A6%C3%B0-salfr%C3%A6%C3%B0i/>

Ingibjörg Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Amalía Björnsdóttir, (2002). Hljóm-2, Athugun á hljóð- og málvitund leikskólabarna. Reykjavík, Gutenberg.

Kristján Kristjánsson (2011). Jákvæða sálfræðin gengur í skóla. Hamingja, skapgerðarstyrkleikar og lífsleikni. Netla – veftímarit um uppeldi og menntun. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/018.pdf>

Lög um leikskóla nr. 78/1994.

Lög um leikskóla nr. 7/2008.

Nelsen, J., Erwin, C. og Duffy, R. A. (2007). Positive discipline for preschoolers: for their early years--raising children who are responsible, respectful, and resourceful (3. útg.). New York: Three Rivers Press.

Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr.655/2009.

Seligman, M.E.P., Randal M. Ernst, Jane Gillham, Karen Reivich og Mark Linkins. (2009). „Positive psychology and classroom interventions“. Oxford Review of Education, 34,3:293-311.

Sesselja Hauksdóttir. (2001). „Ég sjáll“ Sjalfræði barna í leikskólum. Óútgefið M.Ed – Meistaraprófsverkefni við Kennaraháskóla Íslands.

Sesselja Hauksdóttir. (2011). „Ég sjáll, Sjalfræði barna í leikskóla“. Erindi haldið á samráðsþingi FSL í Landnámssetrinu Borgarnesi, 16. nóvember.

Suttle, J. (2012). Eight tips for fostering flow in the classroom. Greater Good. Sótt af: http://greatergood.berkeley.edu/article/item/eight_tips_for_fostering_flow_in_the_classroom





Leikskólinn Ugluklettur
Uglukletti 1
310 Borgarnesi
ugluklettur.borgarbyggd.is